

68

7. maí

Stofan verði notuð til fundarhalda fyrir kvenskáta, svo og fyrir vinnustofu, og er það von gefenda, að hún geti í framtíðinni orðið þeirra annað heimili.

5. gr.

6. gr.

Ekki má greiða fé úr minningarsjóðnum, fyrr en hann er kr. 50000.00, og ekki hærri upphæð en svo, að inneign sé aldrei minni en kr. 10000.00.

7. gr.

Eftir því sem fé er fyrir hendi í sjóðnum, skal því varið til fræðslu fyrir skátastúlkur, aðallega með fyrirlestrum hæfra manna í uppeldisfræði og öðru, er verða má til menntunar eldri sem yngri skátastúlkna.

8. gr.

Afla skal fjár í sjóðinn með minningagjöfum, og hafa minningaspjöld verið gefin út í því skyni. Einnig skal leita leyfis um einn fjáröflunardag á ári.

9. gr.

Fé sjóðsins ávaxtast í Landsbanka Íslands.

10. gr.

Stjórn sjóðsins sé skipuð: þrem (3) skátaforingjum úr Kvenskátafélagi Reykjavíkur og einum (1) kosnum af gefendum sjóðsins, fimmtu konuna kjósa þær sam-eiginlega.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

69

13. apríl

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir röntgenskoðun og röntgenmyndir, sbr. 5. tölulið 33. gr. laga nr. 104 30. des. 1943.

Höfuðkúpa	kr. 45.00—65.00
Beinhol andlits og annarra höfuðbeina ..	— 45.00
Klettbein	— 40.00—65.00
Nef	— 10.00—20.00
Tönn	— 10.00
Tennur allar	— 25.00—45.00
Öxl	— 30.00—40.00
Ólnbogi	— 25.00—30.00
Úlnliður	— 20.00—30.00
Hönd	— 25.00—30.00
Fingur	— 15.00—20.00
Rif	— 40.00—55.00
Viðbein	— 25.00—35.00
Hryggur allur	— 55.00—85.00
Brjóstliðir	— 45.00
Lendaliðir	— 45.00
Lendar og spjaldhryggur	— 55.00

Hálsliðir	kr. 35.00—45.00
Grind	— 45.00—55.00
Spjaldbein	— 40.00—45.00
Lær	— 40.00—45.00
Hné	— 35.00—40.00
Fótleggur	— 40.00
Öklaliður	— 30.00—35.00
Rist og tær	— 25.00—35.00
Tær	— 20.00—25.00
Gallblaðra	— 45.00—65.00
Þvagfæri	— 45.00
Nýrnaskálarit (pyelografi) ÷ kontrastefni	— 65.00—75.00
Eggrásarrit	— 95.00
Brjósthol	— 35.00
Hjarta, mæling	— 45.00—60.00
Vélindi	— 55.00—60.00
Magi & skeifugörn	— 75.00
Þarmar: tæming (passage)	— 55.00—75.00
Ristill: fylling (clysma)	— 75.00—85.00
Fóstur	— 45.00—55.00
Sniðmyndir (planigráfi) af brjóstholi ..	— 55.00—75.00
Meginæð kviðarhols	— 40.00
Æðarit	— 75.00
Röntgenljósmynd af lungum (fotoröntgen)	— 15.00
Kvartsljós	— 5.00
Kolbogaljós	— 8.00
Röntgengeisl (therapie)	— 8.00— 9.00

69

13. apríl

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 13. apríl 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Landþurrkunarfélag Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði.

70

27. apríl

1. gr.

Félagið heitir Landþurrkunarfélag Lýtingsstaðahrepps.
Heimili þess og varnarþing er Lýtingsstaðahreppur.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Lýtingsstaðahreppi: Hafgrimsstaðir, Brúnastaðir, Þorsteinsstaðir, Árnes, Lýtingsstaðir, Efrakot, Sveinsstaðir, Hóll, Breið, Breiðagerði, Tunguháls, Kolgröf, Álfgeirsvellir, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Brekkukot, Hvíteyrar, Nautabú, Gilhagi, Svartárdalur, Villinganes, Litlidalur, Litladalskot, Héraðsdalur, Stapi, Vindheimar, Steinsstaðir, Daufá, Starrastaðir, Mælifellsá, Krithóll, Reykir.

Nú óska eigendur annarra jarða að fá framkvæmda landþurrkun vegna túnræktar eða áveitu og geta þeir gengið í félagið með því að undirrita samþykkt þessa enda komi samþykki lögmæts félagsfundar til fyrir upptöku nýrra félagsmanna.